



Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið, Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SÍBS | Icelandic Chest Patients Association
Síðumúli 6 | IS-108 Reykjavík | Iceland
tel +354 560 4800 | fax +354 562 9150
sibs@sibs.is | www.sibs.is

Efni: Umsögn um umferðarljósamerkingar á matvæli, 58. mál

Umsögn:

SÍBS er hlynnt hvers kyns upplýsingagjöf sem kann að reynast neytendum gagnleg til að velja hollan mat, en sakir neðangreindra sjónarmiða telur SÍBS að með umferðarljósamerkingu sé verr af stað farið en heima setið, og í staðinn beri að einbeita sér að markaðssetningu skráargatsins.

Umfjöllun:

Eitt aðalvandamálið við umferðarljósamerkingar er að þær má tilgreina „pr. serving“, eða á hvern skammt sem framleiðandi mælir með af viðkomandi matvælum. Algengur skammtur af morgunkorni er t.d. 30 g, en á myndunum hér að neðan má sjá hversu mikið þetta er:



Vinstri: 30 g af morgunkorni



Hægri: 64 g af morgunkorni

Velji framleiðandi 30 g skammtastærð sem leiðbeinandi er augljóslega auðveldara að lenda í grænum eða gulum flokki, jafnvel með matvöru sem inniheldur talvert af viðbættum sykri, harðri fitu eða salti – einfaldlega vegna þess að skammturinn er svo lítill.

Einnig er hægt að misnota umferðarljósamerkinguna með því að merkja aðeins hvaða magn er í einu stykki af matvöru sem seld er í fjöldapakkingu, og gefa þannig til kynna í skyn að allt magnið sé hollt ef fólk les ekki smáa letrið.



Þá er umferðarljósamerking ekki í samræmi við samevrópska stefnu í merkingum matvæla og af þeim sökum óheppilegt og hugsanlega kostnaðarsamt að taka einhliða upp slíkt merki hér á landi.

Um SÍBS

SÍBS á og rekur endurhæfingarmiðstöðina Reykjalund og öryrkjavinnustaðinn Múlalund, og innan sambandsins starfa sjúklingafélög með um sex þúsund félagsmenn.

SÍBS beitir sér fyrir endurhæfingu, heilsueflingu og forvörnum á sviði lífsstíls. Tveir þriðju hlutar dauðsfalla og verulegur hluti örorku orsakast af sjúkdómum sem tengjast lífsstíl, þar meðtalið óheilsusamlegu mataræði, hreyfingarleysi, tóbaksnoktun og misnotkun áfengis.

Reykjavík, 28. nóvember 2014

Virðingarfyllst,

Guðmundur Löve
framkvæmdastjóri SÍBS